



Stjórnlagaráð  
Sif Guðjónsdóttir  
Ofanleiti 2  
103 Reykjavík

## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferðarraduncyti.is

Reykjavík 19. júlí 2011  
Tilv.: VEL11070015/11.10

### **Efni: Svar við beiðni stjórnlagaráðs um umsögn um tillögur um mannréttindi í stjórnarkrár**

Óskað hefur verið eftir umsögn velferðarráðuneytisins um drög að tillögum stjórnlagaráðs um ákvæði um mannréttindi í stjórnarskrá. Farið hefur verið yfir þær greinar sem snerta málefnasvið ráðuneytisins og fara athugasemdir og ábendingar ráðuneytisins hér á eftir. Rétt er að taka fram að ráðuneytið tekur ekki afstöðu til efnis tillagnanna.

Almennt vill ráðuneytið benda á að gildishlaðin orð í stjórnarskrá kunna að valda vanda við túlkun og framkvæmd.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við einstaka greinar:

1. gr. Jafnræðisregla. Lagt er til að notað sé orðalagið *Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta .... í stað öll erum við jöfn* sem er frekar orðalag í stefnu-/viljayfirlýsingu en lagatexta. Þá er spurning hvort orðalagið *svo sem* er heppilegt í stjórnarskrá.
2. gr. Vernd réttinda. Orðið *síaukna* í 1. málsl. 1. mgr. er vandmeðfarið og e.t.v. er erfitt að verða við þeirri kröfu sem því fylgir.
3. gr. Mannhelgi. Spurning hvort rétt sé að setja punkt á eftir orðinu *ofbeldi* og tilgreina ekki einstakar tegundir ofbeldis enda mikilvægt að ekkert form ofbeldis sé liðið í íslensku samfélagi.
5. gr. Réttur barna. Við hvaða aldur miðast bernskan? Spurning hvort 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. eigi ekki fremur heima í almennum lögum.
12. gr. Félagafrelsi. Er e.t.v. varhugavert að sleppa lokamálsl. 1. mgr. 74. gr. núgildandi stjórnarskrár.
21. gr. Heilbrigðisþjónusta. Leiða má að því ákveðnar líkur að 1. mgr. kunnist að reynast erfið í framkvæmd. Endurskoða þarf orðalagið *að hæsta marki sem unnt er*. Heilbrigðisfyrvöld hafa

jafnan stuðst við skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði sem segir að heilbrigði sé fullkomin andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan en ekki aðeins fjarvera sjúkdóma og vanheilinda. Í tillögudrögum stjórnalagaráðs er ekki getið um félagslega þáttinn. Varðandi 2. mgr. þykir rétt að benda á 1. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu.

23. gr. Atvinnufrelsi. Leiða má að því ákveðnar líkur að erfitt geti reynst í framkvæmd að tryggja rétt hvers og eins til sanngjarnra launa enda er væntanlega mat einstaklinga misjafnt á því hvaða laun teljast sanngjörn. Einnig er bent á að ekki hafa allir hópar samningsrétt, svo sem embættismenn og alþingismenn.

24. gr. Félagsleg réttindi. Leiða má að því ákveðnar líkur að erfitt reynist í framkvæmd að túlka ákvæði 1. mgr. Jafnframt er á það bent að öllum er tryggður réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar lögum samkvæmt enda þótt sá réttur sé nánar skilyrtur í lögum.

Fyrir hönd ráðherra



Anna Lilja Gunnarsdóttir



Guðríður Þorsteinsdóttir